



Fjarskiptastofa

Drög að ákvörðun nr. xx/2021 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b)

(1) Fjarskiptastofa (FST)¹ hefur með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint eftirtalda markaði sem skilgreindir eru í tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 11. maí 2016:

- Heildsölumarkaður fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a).
- Heildsölumarkaður fyrir miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b).

(2) Þann 30. apríl 2020 voru frumdrög að markaðsgreiningum á ofangreindum mörkuðum birt til samráðs fyrir hagsmunaaðila og þeim boðið að gera athugasemdir við frumdrögin og fyrirhugaðar niðurstöður þeirra. Athugasemdafresti vegna samráðsins lauk þann 10. júlí 2020.

(3) Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin:

- Samkeppniseftirlitið (SE)
- Síminn hf. (Síminn)
- Míla ehf. (Míla)
- Sýn hf. (Vodafone)
- Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (GR)
- Tengir hf. (Tengir)
- Nova hf. (Nova)
- Snæfellsbær
- Stykkishólmsbær
- Fjarðabyggð

(4) Þann 30. október 2020 efndi FST til afmarkaðs auka samráðs um tiltekin atriði í frumdrögunum. Samráðinu lauk þann 27. nóvember 2020. Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir í auka samráðinu:

- Samkeppniseftirlitið (SE)
- Síminn hf. (Síminn)
- Míla ehf. (Míla)

¹ Áður Póst- og fjarskiptastofa (PFS). Nafnabreyting tók gildi 1. júlí 2021.



- Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (GR)
- Nova hf. (Nova)
- Hringiðan
- Snerpa
- Tölvun

(5) Greiningar á mörkuðum 3a og 3b hafa nú verið uppfærðar til samræmis við áform um breytingar sem FST kynnti í aukasamráði 30. október 2020 og með tilliti til þeirra athugasemda, úr samráði og auka samráði, sem teknar voru til greina. Uppfærðar greiningar er að finna í viðauka A með ákvörðun þessari. Í viðauka A-1 er síðan að finna reifun markaðsgreininga í Evrópu er varða landfræðilega skilgreiningu markaða. Í viðauka B er gerð grein fyrir athugasemdum sem bárust við frumdrögin og afstöðu FST til þeirra. Í viðauka C er að lokum að finna athugasemdir sem bárust við framangreint auka samráðsskjal FST og afstöðu FST til þeirra, auk þess sem þar er gerð grein fyrir efni umrædds auka samráðsskjals.

1 Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölu-markaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a)

(6) Míla ehf. var útnefnt sem fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði (þá markaður 4) með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2014.

(7) Niðurstaða markaðsgreiningar FST árið 2021 varðandi markað 3a er eftirfarandi:

(8) Markaður 3a samanstendur af aðgangsnétum (heimtaugum) á fastlínu, bæði kopar og ljósleiðara (þó ekki P2P Ljóslinum Mílu til fyrirtækja), og tengdri aðstöðu, ásamt sýndarlausnum (VULA), sem uppfylla sömu þarfir og heimtaugaleiga.

(9) FST framkvæmdi ítarlega landfræðilega greiningu á umræddum markaði eftir sveitarfélögum, en komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir nokkuð mismunandi samkeppnisaðstæður milli sveitarfélaga væru þær ekki nægjanlega ólíkar til að réttlæta aðgreinda landfræðilega markaði. FST hyggst þó beita mismunandi kvöðum í 17 sveitarfélögum af 69, en þar búa um 70% íbúa landsins, þar sem þar ríkir að mati FST meiri samkeppni en á öðrum svæðum.

(10) Míla er enn með mestu markaðshlutdeildina á viðkomandi markaði, eða um 57% af markaðnum miðað við fjölda kopar- og ljósleiðaraheimtauga í notkun á landsvísu í árslok 2020, á meðan GR kemur næst með mun minni hlutdeild eða 36%. Markaðshlutdeild Mílu hefur lækkað úr því að vera 83% í árslok 2013. FST telur, að þó markaðshlutdeildin hafi lækkað töluvert, þá sé hún enn það há, að hún gefi mjög sterka vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Fleira rennir stoðum undir niðurstöðu um umtalsverðan markaðsstyrk Mílu, s.s. heildarstærð, arðsemi og efnahagslegur styrkleiki Símasamstæðunnar, aðgangshindranir, þ.á.m. lóðrétt samþætting Símasamstæðunnar og stærðar- og breiddarhagkvæmni Mílu sem og skortur á samkeppni. Míla hefur ennþá yfir að ráða eina aðgangsnétinu sem er nánast landsdekkandi og hefur verið í stórfelldum fjárfestingum í ljósleiðaranetum á undanförunum árum. Þá er staða Símasamstæðunnar enn mjög sterk og hefur markaðshlutdeild Símans á



fráliggjandi smásöllumarkaði verið nokkuð stöðug síðustu árin og stóð í rúmlega 46% í árslok 2020. Það er niðurstaða FST að Míla hafi enn umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði og það muni að öllum líkindum ekki breytast á áætluðum líftíma greiningarinnar. Nánari forsendur fyrir þessari niðurstöðu FST er að finna í viðauka A, sér í lagi í kafla 8.

(11) Með hliðsjón af markaðsskilgreiningu þjónustumarkaðar, þar sem kopar- og ljósleiðaraheimtaugar eru taldar tilheyra markaðnum, og landfræðilegs markaðar, sem telst vera landið allt, greiningu á samkeppni á viðkomandi markaði og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. laga um fjarskipti, útnefnir FST Mílu ehf. áfram með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. FST útnefnir enn fremur Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði, en saman mynda félögin eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar og markaðsgreiningar þessarar.

2 Álagning kvaða á markaði 3a

(12) Með ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst 2014, voru lagðar kvaðir á Mílu á viðkomandi markaði (þá markaður 4) um aðgang, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað, eftirlit með gjaldskrá (að undanskildum ljósleiðaraheimtaugum) og kostnaðarbókhald.

(13) Með ákvörðun þessari viðheldur FST kvöðum á Mílu. Kvaðirnar eru að mörgu leyti þær sömu og gilt hafa, en þó með nokkrum viðbótum og að nokkru leyti með breyttri útfærslu. Í síðustu greiningu lagði PFS ekki á Mílu kvöð um eftirlit með gjaldskrá vegna ljósleiðaraheimtauga félagsins, en almenn jafnræðiskvöð skyldi þó gilda varðandi verð og aðra skilmála aðgangs. Nú bætir FST við kvöð um að bæði Míla og Síminn, þ.e. Símasamstæðan, skuli standast efnahagslegt hermipróf (e. Economic Replicability Test – ERT) varðandi ljósleiðaraafurðir samstæðunnar. Enn fremur er um að ræða einstaka breytingar á útfærslu kvaða frá fyrri greiningu, s.s. varðandi nánari útfærslu aðgangskvaðar að rörum og lagnaleiðum félagsins.

(14) FST hefur ákveðið að viðhalda og/eða leggja viðeigandi kvaðir á Mílu og Símann, sem eru:

- Kvöð um aðgang (Míla)
- Kvöð um jafnræði (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum varðandi ERT próf)
- Kvöð um gagnsæi (Míla)
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum í tengslum við ERT próf)
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá (kostnaðarviðmiðun) á koparheimtaugum (Míla)
- Kvöð um að standast ERT próf varðandi ljósleiðaraheimtaugar (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum)
- Kvöð um kostnaðarbókhald (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum í tengslum við ERT próf)

(15) Í 17 tilteknum sveitarfélögum þar sem meiri samkeppni ríkir en annars staðar, munu kvaðir um aðgang að rörum og lagnaleiðum, auglýsingaskyldu varðandi jarðvegsframkvæmdir og upplýsingaskyldu með 5 ára fyrirvara um yfirfærslu netkerfa (e. migration), ekki gilda.



(16) Að mati FST eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum laga um fjarskipti og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. FST telur að kvaðirnar taki auk þess mið af eðli þeirra mögulegu og raunverulegu samkeppnisvandamála sem FST hefur greint sbr. umfjöllun í kafla 10.2 í viðauka A og sniðnar til að leysa þau. Að mati FST eru þær viðeigandi, réttlætanlegar, rökstuddar, gagnsæjar og í samræmi við þau markmið sem þeim er ætlað að ná, þ.e. að efla samkeppni á viðkomandi markaði, sem og á fráliggjandi heildsölumarkaði 3b og tengdum smásölumörkuðum, stuðla að áframhaldandi ljósleiðaraútbreiðslu, stuðla að uppbyggingu innri markaðar fyrir fjarskipti innan EES-svæðisins og standa vörð um hagsmuni notenda. Kvaðirnar ganga að mati FST ekki lengra en nauðsynlegt er og leggja ekki þyngri byrðar á fyrirtækin en nauðsynlegt þykir.

(17) Varðandi nánari umfjöllun um kvaðirnar þá vísar FST til uppfærðrar greiningar á viðkomandi markaði, sbr. kafla 10 í viðauka A með ákvörðunardrögum þessum. Skoða ber nánari útfærslu kvaða sem fram kemur í Viðauka A sem hluta af ákvörðun þessari. Kvaðirnar koma í stað þeirra kvaða sem lagðar voru á Mílu með ákvörðun PFS nr. 21/2014.

(18) Í samræmi við 27. gr. laga um fjarskipti hefur FST ákveðið að að leggja eftirfarandi kvaðir á Mílu ehf. og Símann hf. vegna útnefningar fyrirtækjanna með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Þær kvaðir sem gilda gagnvart Símanum eru skylda til að standast ERT próf ásamt Mílu, sbr. nánar í kafla 2.2 hér að neðan, ásamt tilteknum kvöðum um bókhaldslegan aðskilnað og kostnaðarbókhald, eftir því sem nauðsynlegt verður talið vegna framkvæmdar umrædds ERT prófs.

2.1 Kvöð um að veita aðgang

(19) Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að viðhalda þeirri kvöð á Mílu að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um staðaraðgang að kopar- og ljósleiðaranetum sínum, hvort sem um er að ræða fullan eða skiptan aðgang, og tengdri aðstöðu og þjónustu á heildsölustigi.

(20) Hvað xDSL varðar, annað en VDSL, skal Míla verða við umsóknum fjarskiptafyrirtækja um efra tíðnisvið koparheimtauga fyrir gagnaflutning jafnvel þó að neðra tíðnisviðið sé ekki í notkun fyrir talsímaþjónustu.

(21) Hvað ljósleiðaraheimtaugar varðar skal Míla m.a. veita aðgang að eftirfarandi þjónustuframboði:

- *Ljósheimtaug:* Einn ljósleiðaraþráður frá staðsetningu ljóstengigrindar þar sem Míla hefur síðasta ljósdeili til húskassa í staðfangi endanotenda. Þessi staðsetning er kölluð TOAL og er þar sem Míla á nægan forða til að veita P2P ljóstengingu til endanotenda.
- *Ljósheimtaug á PON neti:* Ljósleiðari frá endanotanda að tækjahúsi þar sem skil aðgangsnets og stofnnets eru. Því er um að ræða hefðbundna ljósheimtaug ásamt ljósdeili og bakfæðingarljóslínu.



- *Bakfæðingarljóslína:* Einn eða fleiri ljósleiðaraþræðir frá símsstöð/tækjahúsi í FDP, t.d. vegna VDSL2 búnaðar í götuskáp eða ljósdeila.

(22) Þó FST telji skiptan aðgang að PON ljósleiðaraheimtaugum Mílu ólíklegan á líftíma greiningarinnar, vegna tæknilegra vandkvæða við slíkt, leggur FST samt sem áður kvöð á Mílu um slíkan aðgang, komi fram málefnaleg, sanngjörn og eðlileg aðgangsbeiðni þar um.

(23) Sanngjörn beiðni um fullan eða skiptan aðgang að heimtaug telst vera beiðni um heimtaug sem ekki verður í annarri notkun á þeim degi sem ný notkun er ráðgerð. Hafa ber í huga rétt hvers notanda til alþjónustu um nettengipunkt svo og nauðsyn þess að varðveita heildstæði netsins.

(24) Mílu er einungis heimilt að takmarka aðgang að og notkun á heimtaugum á grundvelli grunnkrafna er varða rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, samstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna.

(25) Þar sem ekki er mögulegt að veita aðgang að efnislegri heimtaug, t.d. þar sem VDSL þjónusta með vigrun er til staðar eða á hluta ljósleiðaraheimtaugar í PON neti Mílu, skal Míla bjóða upp á VULA sýndarlausn sem komið getur að sömu notum. Það er háð samþykki FST að sýndarnetsaðgangur sé boðinn í stað efnislegs aðgangs. VULA þarf að uppfylla skilyrði er varðar þjónustu og aðgang og þau eru:

- Aðgangur á hverjum stað
- Aðgangur óháður þeirri þjónustu sem veitt er á línunni
- Ákveðin og fast skilgreind afkastageta línunnar
- Full stjórn á aðgangi og þjónustu/þjónustuskilgreiningum
- Full stjórn á notendabúnaði

(26) Þar sem skiptur aðgangur er ekki tæknilega mögulegur er undanþága veitt þar sem opin sýndaraðgangur að hluta heimtaugar er í boði.

(27) Komi sú staða upp að fjarskiptafyrirtæki óski eftir að fá að setja nýjan streng í rör og lagnaleiðir Mílu, sem ekki eru fullnýttar, á þeim markaði sem hér er til umfjöllunar, skal Míla verða við þeirri beiðni, að því gefnu að hún sé eðlileg og sanngjörn. Komi fram málefnaleg beiðni um það frá áhugasömum netrekanda, sem telst eðlileg og sanngjörn, skal Míla útbúa gagnagrunn sem hefur að geyma nákvæmar upplýsingar um legu og ástand röra og lagnaleiða félagsins. Þar skal m.a. koma fram hvaða rör og lagnaleiðir eru lausar að hluta eða öllu leyti og geti þannig nýst fyrir slíkan aðgang. Gagnagrunnurinn skal m.a. sýna ofangreindar upplýsingar í kortaformi. Míla skal þá veita FST og áhugasömum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að umræddum gagnagrunni. Liggi eldri lagnir í rörum og lagnaleiðum Mílu sem ekki er þörf á lengur skal Míla fjarlægja þær, gegn eðlilegu gjaldi, ef slíkt gæti gert það að verkum að áhugasöm fjarskiptafyrirtæki geti þá nýtt sér umrædd rör eða lagnaleiðir. Náist ekki samkomulag getur FST ákvarðað eðlilegt endurgjald í því sambandi. Þá skal Míla, gegn eðlilegu gjaldi, sinna nauðsynlegum viðgerðum og endurbótum á rörum og lagnaleiðum svo þau geti



nýst í þessum tilgangi. Náist ekki samkomulag milli Mílu og aðgangsbeiðanda um lagningu þráða í laus rör eða lagnaleiðir, gegn hæfilegu gjaldi getur FST ákvarðað það.

(28) Ofangreindur gagnagrunnur skal liggja fyrir eigi síðar en 3 mánuðum eftir að sanngjörn og málefnaleg beiðni hefur komið fram frá netrekanda varðandi slíkan aðgang á svæðum þar sem enginn aðili hefur lagt ljósleiðaranet. Slík beiðni skal einskorðast við skýrt afmarkað svæði, t.d. sveitarfélag, þorp/bæ eða hverfi, sem áhugi viðkomandi netrekanda beinist að hverju sinni. Á öðrum svæðum þar sem kvöðin gildir skal slíkur gagnagrunnur liggja fyrir eigi síðar en 12 mánuðum eftir að sanngjörn og eðlileg beiðni um smíði hans hefur komið fram frá áhugasömum netrekanda að því er nánar tilgreind svæði varðar.

(29) Eftir að hafa fengið ofangreind kortagögn og ofangreindar upplýsingar um rör og lagnaleiðir Mílu í hendur, skal netrekandi sem áhuga hefur á að notast við laus pláss í þeim, leggja fram pöntun um aðgang innan eins mánaðar frá því að hann fékk gögnin afhent og tiltaka eins nákvæmlega og kostur er um hvaða rör eða lagnaleiðir óskað er aðgangs að. Míla skal ekki hefja vinnu við eigin lögn á ljósleiðaraþráðum á viðkomandi svæði sem netrekandi sýnir áhuga á eftir að beiðni er komin fram um að Míla veiti ofangreindar upplýsingar og þar til sá mánaðarfrestur er liðinn sem netrekandi hefur til að ákveða hvort hann nýti sér aðgang að þeim. Á umræddu tímabili eru umbeðin rör eða lagnaleiðir svæðisins því frátekin fyrir hinn áhugasama netrekanda. Umrætt tímabil getur verið skemmra en 4 mánuðir, allt eftir því hve fljótt Míla afhendir hinum áhugasama netrekanda nauðsynlegar upplýsingar um þau rör og lagnaleiðir sem fyrirspurn varðar. Eftir að pöntun er komin fram er Mílu óheimilt að leggja lagnir eða framkvæma einhverja þá vinnu við þau rör og lagnaleiðir sem pöntun nær til sem á einhvern hátt skerðir umbeðinn aðgang netrekanda að þeim rörum og lagnaleiðum.

(30) Umrædd kvöð má þó ekki koma í veg fyrir eðlilega nýtingu Mílu á innviðum sínum eða hefta ljósleiðarauppbyggingu Mílu. Hafi Míla tilkynnt formlega um ljósleiðaraútbreiðslu á umræddu svæði með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara gildir umræddur forgangur aðgangsbeiðenda ekki. Míla þarf þá að tiltaka nákvæmlega hvaða staðföng eru undir og tímasetningu framkvæmda. Mílu er ekki heimilt að tilkynna um fyrirhugaðar framkvæmdir meira en 12 mánuði fram í tímann í þessu sambandi. Til að koma í veg fyrir að Míla misnoti þessa heimild til forgangs, getur FST, að ábendingu áhugasamra aðgangsbeiðenda, metið hvort útbreiðsluáform Mílu séu raunhæf. Getur FST þá m.a. kallað eftir afriti af samningum við verktaka og fjárhagsáætlanir vegna umræddra verkefna. Meti FST það svo að áform um framkvæmdir á einhverju svæði eða svæðum séu ekki raunhæfar innan umrædds 12 mánaða tímabils getur FST ákvarðað að það svæði eða þau svæði njóti ekki forgangs Mílu til framkvæmda.

(31) FST getur skorið úr um það hvort beiðni netrekanda um aðgang að rörum og lagnaleiðum Mílu telst sanngjörn og eðlileg beiðni ef ágreiningur rís um það milli Mílu og viðkomandi netrekanda.

(32) Einnig viðheldur FST skyldu á Mílu að bjóða samhýsingu/samnýtingu að aðstöðu sem tengist þjónustu sem veitt er yfir kopar- og ljósleiðaraheimtaugar. Sanngjörn beiðni um samhýsingu/samnýtingu telst vera beiðni um laust rými í húsnæði eða annarri aðstöðu Mílu, en undir slíka skilgreiningu getur einnig fallið beiðni sem hefur í för með sér stækkun eða nýbyggingu húsnæðis. Ef skylda til samnýtingar eða samhýsingar krefst breytingar eða stækkunar skal Míla koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar beiðnir. Skylda til að bjóða



samnýtingu eða samhýsingu leggst á Mílu varðandi þá aðstöðu sem fyrirtækið hefur yfir að ráða, þ.m.t. í byggingum og annarri aðstöðu. Skyldan nær til beiðni sem er sanngjörn og eðlileg og hefur ekki í för með sér mikla aukningu á fjárhagslegri byrði á Mílu. Náist ekki samkomulag milli aðila um aðgang til samnýtingar eða samhýsingar getur FST ákveðið kostnaðarviðmiðuð verð og sanngjörn skilyrði fyrir aðganginum.

(33) Míla skal heimila öðrum fjarskiptafyrirtækjum opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem tryggir gagnvirka þjónustu (tenging við önnur net). Míla skal veita aðgang að stoðkerfum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að heimtaugarnar geti nýst fyrir þann tilgang sem þær eru leigðar. Slíkur aðgangur getur m.a. falist í rekstrarstuðningi, gagnagrunni til að afla upplýsinga áður en pantað er, afhendingu, pöntunum, viðhaldi, bilanaafgreiðslu og reikningagerð. Míla skal ennfremur útvega leigutökum aðgang að rafmagni í tækjarýmum ef mögulegt er.

(34) Míla skal birta lista yfir fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir (e. Civil Works) með sex mánaða fyrirvara. Kvöð þessi nær bæði til holugraftar og skurða, en viðgerðir eða endurnýjun einstakra heimtauga falla alla jafna ekki undir þessa kvöð. Kvöðinni er bæði ætlað að ná til heildaruppbyggingar þar sem engir innviðir eru í jörðu og til þeirra jarðvegs- og lagnaframkvæmda þar sem innviðir eru fyrir og verið er að leggja og/eða draga ljósleiðarataugar heim í hús, sem og annarra framkvæmda sem tengjast uppbyggingu og útbreiðslu ljósleiðaraneta. Mílu er heimilt að stytta fyrirvara í auglýsingu niður í 3 mánuði ef Míla leggur aukarör í alla hluta viðkomandi framkvæmda, sem annað fjarskiptafyrirtæki gæti tekið í notkun síðar.

(35) Auglýsing um fyrirhugaðar jarðvegs- og lagnaframkvæmdir Mílu verður að vera nægjanlega ítarleg svo að aðilar sem hyggja á uppbyggingu og/eða útbreiðslu neta geti gert sér grein fyrir raunverulegu umfangi framkvæmdanna. Meðal annars skal auglýsing innihalda upplýsingar um hvort um sé að ræða lagningu nýrra innviða eða hvort nýta eigi fyrirbyggjandi innviði fyrirtækisins og tilgreina skal alla skurði og holur sem fyrirhugað er að gera, ásamt upplýsingum um fyrirhugaðar tengingar strengja og hvort leggja eigi heimtaugar í einstaka hús (og þá hvaða hús).

(36) Míla skal koma á fót skjalfestu verklagi sem viðhafa skal þegar félaginu berst ósk um þátttöku í framkvæmd. Míla skal bregðast við öllum slíkum beiðnum og veita ítarlegri upplýsingar um framkvæmdirnar við fyrsta tækifæri, svo sem um nákvæmari framkvæmdartíma, áætlaðan kostnað við framkvæmdina, um frekari upplýsingar um nýtingu á aðstöðu fyrirtækisins o.fl.

(37) Ennfremur skal Míla tilkynna markaðsaðilum um allar breytingar á fyrirkomulagi heimtaugaaðgangs sem líklegar eru til að breyta samkeppnishæfni fyrirtækja á markaðnum með 5 ára fyrirvara. FST getur veitt undanþágu frá umræddum 5 ára fyrirvara. Ef beiðni Mílu um slíka undanþágu er talin eðlileg og málefnaleg mun FST efna til samráðs meðal hagsmunaaðila. Ef engar efnislegar athugasemdir koma fram og hagsmunaaðilar hafa aðgengi að staðgönguvörum og verða ekki fyrir óparfa tjóni vegna flutnings milli kerfa mun FST samþykkja slíka undanþágu.

(38) Umsóknir um staðaraðgang og tengda aðstöðu skal Míla afgreiða eins fljótt og auðið er, enda séu þær sendar með rafrænum hætti. Mílu er óheimilt að veita deildum sínum eða



tengdum fyrirtækjum forgang í afgreiðslu á kostnað annarra fjarskiptafyrirtækja. Synjun á aðgangi skal vera send með rafrænum hætti og innihalda rökstuðning fyrir ákvörðuninni. Rökstuðningurinn verður að innihalda allar upplýsingar sem þarf til að hægt sé að leggja mat á réttmæti synjunarinnar. Umsækjendur um aðgang skulu hafa aðgang til jafns á við fyrirtæki innan Símasamstæðunnar að afgreiðslukerfi Mílu í þeim tilgangi að fylgjast með stöðu umsókna sinna og einnig til þess að fá upplýsingar um viðhald og viðgerðir heimtauga og um reikningagerð.

(39) Kvaðir um aðgang að rörum og lagnaleiðum, auglýsingaskyldu Mílu að því er jarðvegsframkvæmdir varðar og reglan um 5 ára frest til að upplýsa um yfirfærslu netkerfa (e. migration), gilda ekki í þeim 17 sveitarfélögum þar sem meiri samkeppni ríkir, en þau eru þessi miðað við aðstæður í dag: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Tjörneshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Flóahreppur, Ásahreppur, Fljótssdalshreppur, Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. FST mun árlega endurskoða þennan lista yfir sveitarfélög þar sem vægari kvaðir gilda, með tilliti til þeirra forsendna sem fram koma í kafla 6 í Viðauka A.

2.2 Kvöð um jafnræði

(40) Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að viðhalda þeirri kvöð á Mílu að gæta jafnræðis gagnvart öllum fjarskiptafyrirtækjum sem kaupa staðaraðgang með fastlínu, hvort sem um er að ræða kopar- eða ljósleiðaranet. Allir kaupendur slíkrar þjónustu skulu, að teknu tilliti til aðstæðna, njóta sömu skilmála (þ.m.t. verða) og gilda fyrir tengda aðila eða samstarfsaðila Mílu. Kvöðin skal ennfremur gilda varðandi aðgang að rörum og lagnaleiðum. Þá skulu gæði aðgangs sem veittur er ótengdum aðilum ekki vera síðri en gæði þess aðgangs sem Míla veitir tengdum aðilum. Sú jafnræðiskvöð sem FST viðheldur á Mílu er aðfangajafnræðiskvöð (e. Equivalence of Input – Eoi), en þá er félagið skuldbundið til að bjóða sömu verð, nota sömu afgreiðsluferla/kerfi, afgreiða þjónustu innan sömu tímamarka og birta sömu upplýsingar um þjónustuna til tengdra sem ótengdra viðskiptavina. Míla skal því veita ótengdum aðilum aðgang að þeim kerfum sem nýtt eru innan Símasamstæðunnar og nauðsynleg eru í tengslum við staðaraðgang og aðgang að rörum og lagnaleiðum.

(41) Upplýsingar um staðaraðgang og þjónustu tengda aðganginum og um aðgang að rörum og lagnaleiðum skulu vera aðgengilegar öðrum fjarskiptafyrirtækjum til jafns við tengda aðila. Meðal annars skal upplýsa um lengd heimtauga í sérhverju tilviki sé hún þekkt, þ.e. fjarlægð viðkomandi endanotanda frá næsta tengipunkti. Sé heimtaug mæld af einhverjum sökum skal uppfæra birt gögn með niðurstöðum þeirra mælinga.

(42) Þá viðheldur FST þeirri kvöð á Mílu að ótengdum aðilum verði tilkynnt um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun heimtauganeta og röra og lagnaleiða Mílu með sama fyrirvara og tengdum aðilum og skal sá fyrirvari ekki vera skemmri en 6 mánuðir. Kvöð þessi gildir ekki í þeim 17 sveitarfélögum sem FST hefur metið sem svo að myndi svæði með meiri samkeppni

(43) Míla skal ennfremur heimila tengdum jafnt sem ótengdum aðilum að hafa áhrif á þróun nýrrar heildsöluvöru og fyrirhuguð tengiskil.



(44) Míla skal gæta þess að umsóknir ótengdra fjarskiptafyrirtækja um staðaraðgang eða tengda þjónustu og um aðgang að rörum og lagnaleiðum verði afgreiddar jafn fljótt og umsóknir tengdra aðila. Séu vandkvæði á að afgreiða umsókn skal það þegar í stað tilkynnt umsækjanda skriflega eða með rafrænum hætti og færa skal fram ástæður fyrir töfinni. Mílu er ekki heimilt að gera óeðlilegar kröfur til umsækjenda sem skilyrði fyrir afgreiðslu umsóknar.

(45) Til að tryggja að Míla fari að umræddri kvöð getur FST framkvæmt tæknilega athugun á því hvort ótengdir aðilar geti líkt eftir vöruframboði tengdra aðila með sjálfbærum hætti (e. Technical Replicability) Ef svo reynist ekki vera getur FST fyrirskipað Mílu að breyta vöruframboði sínu.

(46) FST hefur ákveðið að leggja nýja jafnræðiskvöð á Mílu og Símann, en það er kvöð um að standast svokallað efnahagslegt hermipróf (ERT). Kvöðin gildir fyrir ljósleiðaraheimtaugar í eigu og langtímaumráðum Mílu og þjónustur Símasamstæðunnar á fráliggjandi mörkuðum sem byggja á ljósleiðaraheimtaugum. Kvöðinni er ætlað að tryggja að eðlilegt bil sé milli verðs á heildsölustigi og verðs á fráliggjandi mörkuðum og gera þannig samkeppnisaðilum á umræddum fráliggjandi mörkuðum kleift að keppa á jafnræðisgrundvelli, þannig að þeir geti á efnahagslega hagkvæman hátt endurgert helstu þjónustutilboð Símasamstæðunnar. Kvöðin er ekki að fullu útfærð í ákvörðun þessari, en FST mun hefjast handa við sérstaka ákvörðun um útfærslu og innleiðingu ERT prófsins þegar ákvörðun þessi um kvaðir hefur tekið gildi.

(47) FST viðheldur þeirri skyldu á Mílu að gera gæðaviðmiðunarsamning (e. Service Level Agreement – SLAs) við alla kaupendur staðaraðgangs. Kvöðin skal framvegis einnig ná til aðgangs að rörum og lagnaleiðum. Slíkir samningar skulu ná yfir hina ýmsu þjónustubætti er snúa að jafnræði varðandi staðaraðgang og aðgang að rörum og lagnaleiðum, þ.m.t. pantanir, afhendingar, þjónustuaðgengi, þjónustuflutninga og viðgerðir. Allir gæðaviðmiðunarsamningar skulu birtir opinberlega á heimasíðu Mílu.

(48) Þá viðheldur FST þeirri kvöð á Mílu að gefa út sérstaka yfirlýsingu um gæðatryggingu (e. Service Level Guarantees – SLGs) og gefa út yfirlýsingu um gæðatryggingu fyrir aðgang að rörum og lagnaleiðum. Skal slík gæðatrygging ná til allra nauðsynlegra þjónustubátta er snúa að jafnræði varðandi staðaraðgang og aðgang að rörum og lagnaleiðum, þ.m.t. pantanir, afhendingar, þjónustuaðgengi, þjónustuflutning og viðgerða. Slík gæðatrygging skal m.a. kveða á um tiltekna sektir sem Míla þarf að greiða viðsejendum sínum ef brotið er gegn gæðatryggingunni. Míla skal upplýsa áhugasöm fjarskiptafyrirtæki um efni gæðatryggingarinnar.

(49) Ennfremur viðheldur FST þeirri kvöð á Mílu að félagið safni saman og birti reglulega tiltekna lykil frammistöðubætti (e. Key Performance Indicators – KPIs), þ.m.t. bætti er varða afgreiðslu pantana, afhendingu þjónustu, bilanabjónustu og þjónustuflutning, fyrir innri viðskipti annars vegar og ytri viðskipti hins vegar. Ennfremur skal Míla birta slíkar upplýsingar um aðgang að rörum og lagnaleiðum. Míla skal birta umræddar upplýsingar mánaðarlega á vefsíðu sinni.

(50) Þær upplýsingar sem Míla öðlast frá öðrum fyrirtækjum við gerð samninga um aðgang, eða að loknum samningum, skulu eingöngu notast í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skulu á öllum stigum meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Óheimilt er að afhenda upplýsingarnar tengdum eða ótengdum aðilum, sbr. 26. gr. fjarskiptalaga.



2.3 Kvöð um gagnsæi

(51) Með vísan til 29. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að viðhalda kvöð á Mílu um að viðhafa gagnsæi við veitingu staðaraðgangs á kopar- og ljósleiðara, auk opins sýndaraðgangs (VULA) þegar við á. Ennfremur skal Míla viðhafa gagnsæi að því er varðar aðgang að rörum og lagnaleiðum. Míla skal birta opinberlega upplýsingar sem varða staðaraðgang og aðgang að rörum og lagnaleiðum, t.d. um skráningu heimtauga og röra og lagnaleiða, tæknilýsingar, einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og gjaldskrá. Hluti þessarar kvaðar er að Míla skuli gefa út viðmiðunartilboð um staðaraðgang, tengda aðstöðu og aðgang að rörum og lagnaleiðum, sem uppfyllir þau skilyrði sem FST hefur sett, sem verði viðhaldið og uppfært eftir þörfum og lagt fyrir FST til yfirferðar og samþykktar. Um nánari útfærslu, s.s. um birtingu upplýsinga og lágmarksinnihald og sundurliðun viðmiðunartilboðs, vísast til kafla 10.7.3 í viðauka A.

2.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

(52) Samkvæmt 31. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 hefur FST ákveðið að viðhalda kvöð á Mílu um bókhaldslegan aðskilnað. Ennfremur getur komið til þess að skilgreindar verði sérstakar kröfur varðandi bókhaldslegan aðskilnað hjá Símanum í tengslum við ákvörðun um ERT próf og við framkvæmd þess.

(53) Bókhaldslegur aðskilnaður Mílu felur í sér að lágmarki að rekstur aðgangsnetsins sem fellur undir markað 3a sé bókhaldslega aðskilinn frá öðrum rekstri. Heildsöluverð Mílu og verð innan fyrirtækisins skulu vera gagnsæ, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Míla skal aðgreina í bókhaldi sínu tekjur, gjöld, eignir og skuldir fyrir aðgang að heimtaugum og heimtaugaþjónustu sína ásamt aðgangi að aðstöðu, rörum og lagnaleiðum.

(54) Mílu ber að afhenda FST árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir staðaraðgang, þar sem fram kemur skipting vegna koparheimtauga annars vegar og ljósleiðaraheimtauga hins vegar, ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Ennfremur ber Mílu að afhenda FST sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir aðgang að aðstöðu (hýsing) og aðgang að rörum og lagnaleiðum.

(55) Í samræmi við 25. gr. reglugerðar nr. 564/2011 skal Míla senda FST ársreikning fyrirtækisins ásamt sérgreindum rekstrarreikningum yfir þá þjónustubætti fyrirtækisins sem lúta kvöðum um bókhaldslegan aðskilnað. Reikningar skulu innihalda eftirfarandi:

- Áritun löggilts endurskoðanda.
- Skýrslu stjórnar.
- Aðskilda rekstrarreikninga.
- Uppgjör og afstemmingar innri sölu.
- Afstemmingar gagnvart ársreikningi fyrirtækisins.

(56) Í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 564/2011 skal Míla árlega útbúa greinargerð um tilhögun bókhalds. Greinargerðin skal m.a. innihalda:

- Reikningsskilareglur.



- Reglur um deilingu kostnaðar og tekna.
- Reglur um innri viðskipti.
- Lýsingu á reikniaðferðum.
- Upplýsingar um stærðir og magntölur, aðrar en fjárhagslegar.
- Lista yfir vörur, þjónustu, viðfangsefni og nethluta.
- Reglur um eignamat og afskriftir.

(57) Míla skal jafnframt afhenda FST eftirfarandi upplýsingar og gögn um rekstur og efnahag heimtaugaleigu félagsins fyrir árið 2021, þar sem aðskilja skal milli kopar- og ljósleiðaraheimtauga, og síðan árlega á meðan kvöð um bókhaldslega aðgreiningu hvílir á fyrirtækinu:

- Sérgreindan rekstrarreikning fyrir heimtaugaleigu Mílu, ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði. Samandregið rekstraryfirlit afkomusviða skal stemma við þann grunn sem kostnaðargreining byggir á.
- Lágmarkssundurliðun rekstrarreiknings skal vera eftirfarandi:
Niðurbrot tekna og gjalda, annars vegar í samræmi við yfirlykla í fjárhagsbókhaldi félagsins og hins vegar sundurliðað eins og fjárhagskerfi Mílu gerir á einstaka bókhaldslykla. Sérstaklega verði sundurliðað með skýrum hætti á milli heildsölu og smásölu ef slíkt á við, svo og innri þjónustu hvernar rekstrareiningar, bæði tekju- og gjaldamegin. Sundurliða skal heildsölutekjur niður á hverja þjónustu fyrir sig.
- Sundurliðað yfirlit yfir þær þjónustur sem falla undir viðkomandi markað og magntölur, s.s. fjölda heimtauga viðkomandi þjónustu.
- Fyrningaskrá félagsins fyrir viðkomandi ár, þar sem fram skal koma sundurliðun allra bókfærðra eigna sem tilheyra heimtaugaleigu Mílu.

(58) Með skýrum hætti skal aðskilja rekstur og efnahag heimtaugaleigu félagsins frá annarri tengdri þjónustu í heildsölu, s.s. internetþjónustu, dreifingu sjónvarpsefnis og notendabúnað. Skal sundurliðað yfirlit yfir tengdar þjónustur fylgja með yfirliti yfir heimtaugaleigu félagsins, ásamt sambærilegri sundurliðun á einstaka tekju- og kostnaðarliði.

(59) Ofangreind yfirlit skulu berast stofnuninni eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsárs. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Mílu og Símans ekki fullnægjandi áskilur FST sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari bókhaldslegan aðskilnað.

(60) Míla skal á sama tíma skila álitsgerð óháðs endurskoðunaraðila til FST um að samræmi sé milli lýsingar Mílu til FST um það hvernig kostnaði sé skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði Mílu. Í álitsgerðinni þarf að lágmarki að koma fram:

- Niðurstöður þess aðila sem framkvæmir skoðunina.
- Yfirlit yfir öll tilvik þar sem ósamræmi er til staðar.
- Tillögur þess sem framkvæmir skoðunina um úrbætur og áhrif þeirra.
- Ítarleg lýsing á því hvernig staðið var að skoðuninni.
- Samandregnar fjárhags- eða bókhaldsupplýsingar (t.d. ályktun varðandi dreifingu á sameiginlegum kostnaði og breytingu á mati á eignum til sviptivirðis).



(61) Um nánari útfærslu bókhaldslegs aðskilnaðar vísast til kafla 10.7.4 í viðauka A og reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

2.5 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

(62) Með tilvísun í 32. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að viðhalda á Mílu kvöð um eftirlit með gjaldskrá vegna heildsöluaðgangs að föstum koparaðgangsnetum fyrirtækisins og ljóslínunum í götuskáp, ásamt tengdri aðstöðu. Gjaldskrá fyrir viðkomandi aðgang sem veittur er um koparheimtaugar skal vera kostnaðarviðmiðuð. Kvöð þessi gildir einnig um VULA þjónustu á koparheimtaugum.

(63) Við ákvörðun verðs á heimtaugaleigu koparheimtauga skal Míla byggja á sögulegum kostnaði sem heimfærður er á viðkomandi þjónustur (HCA FAC). Míla skal leggja niðurstöðu kostnaðargreiningar á koparheimtaugum fyrir FST til samþykktar. Gjaldskráin skal endurskoðuð reglulega í samræmi við uppfærslu kostnaðargreiningarinnar hverju sinni. FST hyggst miða við 2-3 ár milli þess sem gjaldskráin er endurskoðuð, en auk þess skal gjaldskráin hækkuð árlega með vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til hagræðingarkröfu sem ákvörðuð er við hverja endurskoðun á gjaldskrá. Fyrsta árlega hækkun samkvæmt vísitölu mun koma til framkvæmda fyrstu áramót eftir næstu endurskoðun á gjaldskrá Mílu á þessum markaði. Um nánari útfærslu á eftirliti með gjaldskrá, þ.m.t. kostnaðargreiningu, vísast til kafla 10.7.5 í viðauka A.

(64) Í samræmi við 32. gr. laga um fjarskipti skal gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu, svo sem í símsstöðvum og tækjarýmum, og tengda þjónustu vera kostnaðarviðmiðuð. Míla skal leggja fram niðurstöðu kostnaðargreiningar á aðstöðu og tengdri þjónustu vegna koparheimtauga fyrir FST til samþykktar. FST er nú með kostnaðargreiningu Mílu fyrir hýsingu og aðgang að rafmagni til meðferðar og mun ákvarða hvenær næsta endurskoðun mun eiga sér stað þegar niðurstaða er komin í þeirri greiningu. Þá skal gjaldskrá Mílu fyrir rör og lagnaleiðir vera byggð á sögulegum kostnaði eða verðsamanburði. Um nánari útfærslu kostnaðargreiningar fyrir aðstöðuleigu og tengda þjónustu vísast til kafla 10.7.5.5 í viðauka A.

(65) Kvöð um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár gildir ekki fyrir ljósleiðaraheimtaugar Mílu, aðrar en bakfæðingarljóslínur vegna heimtaugaaðgangs (ljóslínur í götuskápa). Verðlagning Mílu á ljósleiðaraheimtaugum skal hins vegar vera réttlát og sanngjörn og án mismununar. Sú kvöð skal hvíla á Mílu og Símanum að þess sé gætt að ekki verði of lítill munur á milli verðs á heildsöluaðföngum og verðs á frálíggjandi mörkuðum, þ.m.t. smásöluverðs á mikilvægustu áskriftarleiðunum sem innihalda internetaðgang. Í því sambandi verður fyrirtækjunum gert að standast ERT próf skv. sérstakri ákvörðun þar um, sbr. umfjöllun í kafla 10.7.2.6 í viðauka A. Mílu og Símanum er ennfremur bannað að beita skaðlegri undirverðlagningu, á heildsölu og smásölustigi á viðkomandi og tengdum mörkuðum. Mílu er heimilað svigrúm í verðlagningu, innan þeirra marka sem að ofan greinir, til þess að stuðla að aukinni notkun á fjárfestingum í ljósleiðaratengingum. Míla skal birta gjaldskrá fyrir ljósleiðaraheimtaugar og VULA á ljósleiðaraheimtaugum.

(66) Símanum er gert að gæta þess að mikilvægustu áskriftaleiðir sem innihalda internettengingar séu verðlagðar á eðlilegan hátt og þannig að ekki myndist verðþrýstingur milli smásöluverðs og heildsöluaðfanga.



(67) Mílu og Símanum verður skylt að veita FST allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að staðfesta hvort verðlagning í heildsölu og smásölu sé í samræmi við ofangreint.

2.6 Kostnaðarbókhald

(68) Með vísan til 32. gr. laga um fjarskipti hefur FST ákveðið að viðhalda á Mílu kvöð um kostnaðarbókhald varðandi kopar- og ljósleiðaraheimtaugar og tengda aðstöðu, bakfæðingarljóslínur vegna heimtaugaaðgangs, hýsingu og aðgang að rörum og lagnaleiðum. Kostnaðarbókhaldið skal fanga, bera kennsl á, meta og dreifa viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur sem um ræðir í samræmi við viðurkenndar reglur.

Míla skal eigi síðar en 1. apríl 2022 afhenda FST lýsingu á ofangreindu kostnaðarbókhaldi og birta helstu kostnaðarflokka, kostnaðarliði og tengingu þeirra við kostnaðarvaka og reglur sem notaðar eru til að úthluta tekjum og kostnaði á viðkomandi einingar. Míla skal samtímis skila til FST skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila um að samræmi sé milli lýsingar Mílu til FST um hvernig kostnaði er skipt og útfærslu í kostnaðarbókhaldskerfi Mílu.

(69) Komið getur til þess að skilgreindar verði sérstakar kröfur varðandi kostnaðarbókhald hjá Mílu og Símanum í tengslum við ákvörðun um ERT próf og við framkvæmd þess.

(70) Um nánari útfærslu kostnaðarbókhalds vísast til kafla 10.7.6 í viðauka A og reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

3 Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b)

(71) Míla ehf. var útnefnt sem fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði (þá markaður 5) með ákvörðun PFS nr. 21/2014.

(72) Niðurstaða markaðsgreiningar FST árið 2021 varðandi markað 3b er eftirfarandi:

(73) Markaður 3b samanstendur af ýmsum bitastraumslausnum, sem veita tengingu milli endanotanda og aðgangspunkts, sem er miðlægur í fjarskiptaneti, og notaðar eru til að veita hefðbundinn internetaðgang ásamt tengdri þjónustu, m.a. IP síma (VoIP) og IPTV.

(74) FST framkvæmdi ítarlega landfræðilega greiningu á umræddum markaði eftir sveitarfélögum, en komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir nokkuð mismunandi samkeppnisaðstæður milli sveitarfélaga væru þær ekki nægjanlega ólíkar til að réttlæta aðgreinda landfræðilega markaði. FST hyggst þó beita mismunandi kvöðum í 17 sveitarfélögum, þar sem þar ríkir að mati FST meiri samkeppni en á öðrum svæðum.

(75) Frá því að markaðsgreining fór fram árið 2014 hefur markaðshlutdeild Mílu á markaði 3b lækkað úr 65% niður í 57% í árslok 2020. FST telur að þó markaðshlutdeildin hafi lækkað nokkuð þá sé hún enn það há að hún gefi mjög sterka vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk. Fleira rennir stoðum undir niðurstöðu um umtalsverðan markaðsstyrk Mílu, s.s.



heildarstærð, arðsemi og efnahagslegur styrkleiki Símasamstæðunnar, aðgangshindranir, þ.á.m. lóðrétt samþætting Símasamstæðunnar og stærðar- og breiddarhagkvæmni Mílu og skortur á samkeppni. Míla hefur ennþá yfir að ráða eina aðgangsnétinu sem er nánast landsdekkandi og hefur fjárfest mikið í bitastraumsbúnaði fyrir ljósleiðaranet á undanförunum árum. Þá er staða Símasamstæðunnar enn mjög sterk og hefur markaðshlutdeild Símans á fráliggjandi smásölumarkaði verið nokkuð stöðug á síðustu árum og stóð í rúmlega 46% í árslok 2020. Það er niðurstaða FST að Míla hafi enn umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði og það muni að öllum líkindum ekki breytast á áætluðum líftíma greiningarinnar. Nánari forsendur fyrir þessari niðurstöðu FST er að finna í viðauka A, sér í lagi í kafla 9.

(76) Með hliðsjón af markaðsskilgreiningu þjónustumarkaðar, þar sem bitastraumstengingar um kopar- og ljósleiðaraheimtaugar eru taldar tilheyrja markaðnum, og landfræðilegs markaðar, sem telst vera landið allt, greiningu á samkeppni á viðkomandi markaði og í samræmi við 2. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr., laga um fjarskipti, hefur FST ákveðið að útnefna Mílu ehf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Þá hefur FST enn fremur ákveðið að útnefna Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði, en saman mynda félögin eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar og markaðsgreiningar þessarar.

4 Álagning kvaða á markaði 3b

(77) Með ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst 2014, voru lagðar kvaðir á Mílu ehf. á viðkomandi markaði (þá markaður 5) um aðgang, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað, eftirlit með gjaldskrá (að undanskilinni bitastraumþjónustu um ljósleiðaraheimtaugar) og kostnaðarbókhald.

(78) Með ákvörðun þessari viðheldur FST kvöðum á Mílu. Kvaðirnar eru að mörgu leyti þær sömu og gilt hafa, en þó með nokkrum viðbótum og að nokkru leyti með breyttri útfærslu. Í síðustu greiningu lagði PFS ekki á Mílu kvöð um eftirlit með gjaldskrá vegna bitastraumstenginga á ljósleiðaraheimtaugum félagsins, en almenn jafnræðiskvöð skyldi þó gilda varðandi verð og aðra skilmála aðgangs. Nú bætir FST við kvöð um að bæði Míla og Síminn, þ.e. Símasamstæðan, skuli uppfylla efnahagslegt hermipróf (e. Economic Replicability Test – ERT) varðandi ljósleiðaraafurðir samstæðunnar. Enn fremur er um að ræða einstaka viðbætur og breytingar á útfærslu kvaða frá fyrri greiningu, s.s. að Míla megi ekki draga til baka bitstraumsbúnað og bitastraumþjónustu á ljósleiðaranetum ótengdra aðila sem félagið hefur leigt svartan ljósleiðara af, gegn vilja viðkomandi netrekanda, á meðan Síminn hefur ekki samið um bitastraumsaðgang að slíkum netum. Enn fremur að Míla skuli gegn hæfilegu gjaldi setja upp bitastraumsbúnað á ljósleiðaranetum óskyldra aðila sem þess óska, sem Síminn hefur ekki samið um bitastraumsaðgang að.

(79) FST hefur ákveðið að viðhalda og/eða leggja viðeigandi kvaðir á Mílu og Símann, sem eru:

- Kvöð um aðgang (Míla)
- Kvöð um jafnræði (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum í tengslum við ERT próf)



- Kvöð um gagnsæi (Míla)
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum í tengslum við ERT próf)
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá (kostnaðarviðmiðun) fyrir tengingar á koparneti (Míla)
- Kvöð um að standast ERT próf varðandi bitastraumstengingar á ljósleiðaraheimtaugum (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum)
- Kvöð um kostnaðarbókhald (Míla, en kvöðin gildir einnig gagnvart Símanum í tengslum við ERT próf)

(80) Í 17 tilteknum sveitarfélögum þar sem meiri samkeppni ríkir en annars staðar, mun kvöð um upplýsingaskyldu með 2 ára fyrirvara um yfirfærslu netkerfa (e. migration), ekki gilda.

(81) Að mati FST eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum laga um fjarskipti og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. FST telur að kvaðirnar taki auk þess mið af eðli þeirra mögulegu og raunverulegu samkeppnisvandamála sem FST hefur greint í kafla 11.2 í viðauka A með ákvörðunardrögum þessum og sniðnar til að leysa þau. Að mati FST eru þær viðeigandi, réttlætanlegar, rökstuddar, gagnsæjar og í samræmi við þau markmið sem þeim er ætlað að ná, þ.e. að efla samkeppni á viðkomandi markaði, sem og á tengdum smásölumörkuðum, stuðla að áframhaldandi ljósleiðaraútbreiðslu, stuðla að uppbyggingu innri markaðar fyrir fjarskipti innan EES-svæðisins og standa vörð um hagsmuni notenda. Kvaðirnar ganga að mati FST ekki lengra en nauðsynlegt er og leggja ekki þyngru byrðar á fyrirtækin en nauðsynlegt þykir.

(82) Varðandi nánari umfjöllun um kvaðirnar þá vísar FST til uppfærðrar greiningar á viðkomandi markaði, sbr. kafla 11 í viðauka A með ákvörðunardrögum þessum. Skoða ber nánari útfærslu kvaða sem fram kemur í Viðauka A sem hluta af ákvörðun þessari. Kvaðirnar koma í stað þeirra kvaða sem lagðar voru á Mílu með ákvörðun PFS nr. 21/2014.

(83) Í samræmi við 27. gr. laga um fjarskipti hefur FST ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Mílu ehf. og Símann hf. vegna útnefningar fyrirtækjanna með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Þær kvaðir sem gilda gagnvart Símanum eru skylda til að standast ERT próf ásamt Mílu, sbr. nánar í kafla 4.2 hér að neðan, ásamt tilteknum kvöðum um bókhaldslegan aðskilnað og kostnaðarbókhald, eftir því sem nauðsynlegt verður talið vegna framkvæmdar umrædds ERT prófs.

4.1 Kvöð um að veita aðgang

(84) Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að leggja á Mílu kvöð um að verða við öllum eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um miðlægan heildsöluaðgang, sbr. skilgreiningu á þjónustumarkaði 3b. Aðgangurinn sem hér um ræðir er annars vegar aðgangur að bitastraumi sem fer um efra tíðnisviðið á koparheimtaugum (ADSL, VDSL og SHDSL) og hinsvegar aðgangur að bitastraumi sem að fer um ljósleiðaraheimtaugar, í þeim tilgangi að gera öðrum fjarskiptafyrirtækjum kleift að veita notendum sínum aðgang að ýmis konar bandbreiðri þjónustu. Í boði skal vera a.m.k. bitastraumsaðgangur með eftirfarandi gæðaskilgreiningum:



- Í fyrsta lagi aðgangur sem notar umtalsverða bandbreidd, en án nokkurra gæðaskilgreininga (e. best effort) fyrir almenna internetþjónustu.
- Í öðru lagi aðgangur sem notar litla bandbreidd en gerir miklar kröfur til gæða vegna talsímabjónustu yfir IP (VoIP).
- Í þriðja lagi aðgangur sem notar mikla bandbreidd og gerir miklar kröfur til gæða vegna sjónvarpsdreifingar og myndleigu yfir IP (IPTV, VoD) þar sem m.a. er notuð margvarpstækni (e. multicast) og viðeigandi samskiptahættir.

(85) Míla skal einnig, ef þess er óskað, annast sendingu á bitastraumnum um stofnlínunet til þess staðar þar sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur tengingu við net Mílu.

(86) Fjarskiptafyrirtæki skulu eiga möguleika á afhendingu bitastraumsins á mismunandi stöðum í netinu sem hér segir og skulu eiga þess kost að breyta afhendingarmöguleikanum eftir þörfum:

- Í DSLM eða jafngildum búnaði á þeim stað þar sem koparheimtaugar tengjast tengigrind símstöðvar og/eða tengigrind ljósleiðara í símstöð, götuskáp eða öðru tækjarými (Aðgangssleið 1).
- Eftir ATM/IP flutning í stofnlínuneti Mílu, þ.e. Míla annast flutning á merkjunum frá DSLAM og/eða tengigrind ljósleiðara til tengipunkts annars fjarskiptafyrirtækis við ATM/IP stofnnetið (Aðgangssleið 2).
- Eftir flutning með ATM/IP á neti Mílu/Símans að tengipunkti annars fjarskiptafyrirtækis við síðarnefnda netið (Aðgangssleið 3).

(87) Einnig mun FST viðhalda skyldu á Mílu um bjóða samhýsingu/samnýtingu á heildsölukjörum, m.a. í formi hýsingar á búnaði annarra fjarskiptafyrirtækja og aðgang að annarri aðstöðu sem nauðsynleg er til að bitastraumsaðgangur komi að fullum notum og þjóni þeim tilgangi sem til er ætlast, þ.m.t. samböndum frá tengipunktum Mílu til tengipunkta heildsölukaupenda og búnaðar þeim tengdum.

(88) Míla skal einnig veita aðgang að stoðkerfum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að bitastraumsaðgangur nýtist fyrir kaupandann, samskonar og þjónustueiningar Símasamstæðunnar nota. Slíkur aðgangur getur m.a. verið í formi rekstrarstuðnings, gagnagrunns til að afla upplýsinga áður en pantað er, afhendingar, pantana, viðhalds, afgreiðslu bilana og reikningagerðar.

(89) Þær kvaðir sem nú hvíla á Mílu um aðgang að bitastraumskerfum félagsins skulu ekki falla niður þó Míla breyti uppbyggingu kerfa sinna yfir í næstu kynslóðar net, t.d. ef aðgangur að VDSL kemur í stað aðgangs að ADSL eða aðgangur um ljósleiðaratengingar í stað xDSL tenginga (e. migration), nema að samkomulag um feril yfirfærslunnar hafi verið náð og leigjandi aðgangsins sé þar með í stakk búinn til að taka við nýrri gerð aðgangs í stað þess eldri þegar yfirfærslan á sér stað. Náist ekki slíkt samkomulag skal Míla tilkynna markaðsaðilum um allar þær breytingar á fyrirkomulagi bitastraumsaðgangs sem líklegar eru til að breyta samkeppnishæfni fyrirtækja á markaðnum með 2 ára fyrirvara. Víkja má frá framangreindum



tímafresti að fengnu fyrirfram samþykki FST. Ef beiðni Mílu um slíka undanþágu er talin eðlileg og málefnaleg mun FST efna til samráðs meðal hagsmunaaðila. Ef engar efnislegar athugasemdir koma fram og hagsmunaaðilar hafa aðgengi að staðgönguvörum og verða ekki fyrir óþarfa tjóni vegna flutnings milli kerfa mun FST samþykkja slíka undanþágu. Kvöð þessi skal ekki gilda í þeim 17 sveitarfélögum þar sem meiri samkeppni ríkir, en þau eru þessi miðað við aðstæður í dag: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Tjörneshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Flóahreppur, Ásahreppur, Fljótsdalshreppur, Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. FST mun árlega endurskoða þennan lista yfir sveitarfélög þar sem vægari kvaðir gilda, með tilliti til þeirra forsendna sem fram koma í 7. kafla Viðauka A.

(90) Til að stuðla að aukinni hagræðingu í veitingu bitastraumspjónustu í heildsölu skal Mílu heimilt, að fyrirframfengnu samþykki FST, að draga til baka framboð aðgangssleiðar 1 fyrir tiltekin landsvæði, þar sem aðgangssleið 2 er hagkvæmari kostur. Ef hagkvæmni þessa breytta fyrirkomulags er tilkomin vegna beiðni fjarskiptafyrirtækis um aðgang að kerfi Mílu (aðgangssleið 1 eða 2), þarf beiðni fjarskiptafyrirtækisins að vera sanngjörn og eðlileg. Það sama á við um beiðni Mílu til FST um að draga þjónustu um aðgangssleið 1 til baka vegna tilkomu aðgangssleiðar 2 á viðkomandi svæði. Óski Míla eftir að draga til baka framboð aðgangssleiðar 1 á tilteknum svæðum skal sú breyting á kerfishögum lögð fram til samráðs við hagsmunaaðila. Míla skal tilkynna þeim sem notast við aðgangssleið 1 um slík áform með hæfilegum fyrirvara sem skal eigi vera skemmri en 6 mánuðir. Skal Míla leitast við að haga málum þannig að slíkur aðili verði ekki fyrir verulegu fjártjóni eða óþægindum. Aðgangssleið 2 skal uppfylla allar sömu kröfur og gerðar eru til aðgangssleiðar 1 varðandi þjónustuframboð, gæðastýringar, margvarpstækni (e. Multicast), samskiptahætti og svo framvegis.

(91) FST leggur þá kvöð á Mílu að draga ekki til baka bitastraumsbúnað sinn eða þjónustu um ljósleiðaranet annarra netrekenda en Mílu þar sem Míla hefur leigt svarta ljósleiðara, gegn vilja umrædds netrekenda, á meðan Síminn veitir ekki þjónustu um bitastraumskerfi slíkra aðila. Til að koma í veg fyrir að slíkir aðilar geti hækkað gjöld sem Míla þarf að greiða fyrir slíkan aðgang með óeðlilegum hætti getur Míla borið það undir FST hvort gjöld þeirra eða aðrir skilmálar séu sanngjarnir og eðlilegir. Sker FST þá úr um slíkt með ákvörðun. Telji FST verð eða aðra skilmála umræddra aðila óeðlilega losnar Míla undan kvöð þessari, ef viðkomandi netrekendur fara ekki að ákvörðun FST.

(92) Ennfremur leggur FST þá kvöð á Mílu að tengja bitastraumsbúnað sinn við ljósleiðaraheimtaugar Tengis, og annarra netrekenda sem kunna að vera í sömu stöðu og Tengir, ef Tengir eða viðkomandi fjarskiptafyrirtæki óskar eftir því, gegn því að umræddur netrekandi greiði kostnað við slíka uppsetningu og hæfilegan viðbótar rekstrarkostnað sem mögulega kann af slíku að skapast fyrir Mílu, á meðan Síminn tengist ekki ljósleiðarakerfi umrædds netrekenda á tilteknu svæði. FST getur skorið úr um það hver hæfilegur stofnkostnaður og rekstrarkostnaður skuli vera í slíkum tilvikum komi til ágreinings milli aðila.

(93) Umsóknir um bitastraumsaðgang og tengda aðstöðu skal Míla afgreiða eins fljótt og auðið er enda séu þær sendar með rafrænum hætti. Mílu er óheimilt að veita deildum sínum eða tengdum fyrirtækjum forgang í afgreiðslu á kostnað annarra fjarskiptafyrirtækja. Synjun á aðgangi skal vera send með rafrænum hætti og innihalda rökstuðning fyrir ákvörðuninni. Rökstuðningurinn verður að innihalda allar upplýsingar sem þarf til að hægt sé að leggja mat



á réttmæti synjunarinnar. Umsækjendur um aðgang skulu hafa aðgang til jafns á við fyrirtæki innan Símasamstæðunnar að afgreiðslukerfi Mílu í þeim tilgangi að fylgjast með stöðu umsókna sinna og einnig til þess að fá upplýsingar um viðhald og viðgerðir heimtauga og um reikningagerð.

4.2 Kvöð um jafnræði

(94) Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að viðhalda þeirri kvöð á Mílu að gæta jafnræðis gagnvart öllum fjarskiptafyrirtækjum sem kaupa miðlægan aðgang á kopar-eða ljósleiðaraneti. Allir kaupendur slíkrar þjónustu skulu, að teknu tilliti til aðstæðna, njóta sömu skilmála (þ.m.t. verða) og gilda fyrir tengda aðila eða samstarfsaðila Mílu. Þá skulu gæði aðgangs sem veittur er ótengdum aðilum ekki vera síðri en gæði þess aðgangs sem Míla veitir tengdum aðilum. Sú jafnræðiskvöð sem FST viðheldur á Mílu er aðfangajafnræðiskvöð (e. Equivalence of Input – EoI), en þá er félagið skuldbundið til að bjóða sömu verð, nota sömu afgreiðsluferla/kerfi, afgreiða þjónustu innan sömu tímamarka og birta sömu upplýsingar um þjónustuna til tengdra sem ótengdra viðskiptavina. Míla skal því veita ótengdum aðilum aðgang að þeim kerfum sem nýtt eru innan Símasamstæðunnar og nauðsynleg eru í tengslum við miðlægan aðgang.

(95) Bitastraumseiningu Mílu er ekki heimilt að mismuna á nokkurn hátt eftir undirliggjandi neti að því er varðar verð og önnur möguleg gjöld, afgreiðslu verkbeiðna varðandi tengingu eða frágang búnaðar. Þannig skal bitastraumseining Mílu afgreiða beiðnir um tengingar og frágang tenginga um ljósleiðaranet óskyldra aðila með sama hætti og gagnvart eigin heimtaugum. Kostnaður, afgreiðslufrestir, flækjustig og ónæði gagnvart þjónustuveitendum og/eða endanotendum skal vera það sama. Mílu er óheimilt að líta svo á að heimtaugar Mílu séu sjálfkrafa val um undirliggjandi heimtaug þegar beiðni um tengingu kemur frá sölufulltrúum annarra netrekenda eða þjónustuveitandi eða endanotandi óskar eftir að heimtaug óskylds aðila verði undirliggjandi net.

(96) Upplýsingar um miðlægan aðgang og þjónustu tengda aðganginum skulu vera aðgengilegar öðrum fjarskiptafyrirtækjum til jafns við tengda aðila.

(97) Þá viðheldur FST þeirri kvöð á Mílu að ótengdum aðilum verði tilkynnt um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun neta og miðlægrar aðgangspjónustu Mílu með sama fyrirvara og tengdum aðilum og skal sá fyrirvari ekki vera skemmri en 3 mánuðir. Ennfremur að Míla skuli heimila tengdum jafnt sem ótengdum aðilum að hafa áhrif á þróun nýrrar heildsöluvöru og fyrirhuguð tengiskil.

(98) Míla skal gæta þess að umsóknir ótengdra fjarskiptafyrirtækja um miðlægan aðgang eða tengda þjónustu verði afgreiddar jafn fljótt og umsóknir tengdra aðila. Séu vandkvæði á að afgreiða umsókn skal það þegar í stað tilkynnt umsækjanda skriflega eða með rafrænum hætti og færa skal fram ástæður fyrir töfinni. Mílu er ekki heimilt að gera óeðlilegar kröfur til umsækjenda sem skilyrði fyrir afgreiðslu umsóknar.

(99) Til að tryggja að Míla fari að umræddri kvöð getur FST framkvæmt tæknilega athugun á því hvort ótengdir aðilar geti líkt eftir vöruframboði tengdra aðila með sjálfbærum hætti (e. Technical Replicability), ef svo reynist ekki vera getur FST fyrirskipað Mílu að breyta vöruframboði sínu.



(100) FST leggur nýja jafnræðiskvöð á Mílu og Símann, en það er kvöð um að standast svokallað efnahagslegt hermipróf (ERT). Kvöðin gildir fyrir miðlægan aðgang á ljósleiðaraheimtaugum í eigu og langtímaumráðum Mílu, sem og á ljósleiðaranetum í eigu þriðja aðila þar sem Míla leigir svartan ljósleiðara og setur bitastraumsbúnað sinn á, og þjónustur Símasamstæðunnar á fráliggjandi smásölumörkuðum þar sem umrædd bitastraumsþjónusta er nýtt. Kvöðinni er ætlað að tryggja að eðlilegt bil sé milli verðs á heildsölustigi og verðs á fráliggjandi mörkuðum og gera þannig samkeppnisaðilum á umræddum fráliggjandi mörkuðum kleift að keppa á jafnræðisgrundvelli, þannig að þeir geti á efnahagslega hagkvæman hátt endurgert helstu þjónustutilboð Símasamstæðunnar. Kvöðin er ekki að fullu útfærð í greiningu þessari, en FST mun hefjast handa við sérstaka ákvörðun um útfærslu og innleiðingu ERT prófsins þegar þessi ákvörðun um kvaðir hefur tekið gildi.

(101) FST mun viðhalda þeirri skyldu á Mílu að gera gæðaviðmiðunarsamning (e. Service Level Agreement – SLAs) við alla kaupendur miðlægs aðgangs. Slíkir samningar skulu ná yfir hina ýmsu þjónustupætti er snúa að jafnræði varðandi miðlægan aðgang, þ.m.t. pantanir, afhendingar, þjónustuaðgengi, þjónustuflutning og viðgerðir. Allir gæðaviðmiðunarsamningar skulu birtir opinberlega á heimasíðu Mílu.

(102) Þá viðheldur FST þeirri kvöð á Mílu að gefa út sérstaka yfirlýsingu um gæðatryggingu (e. Service Level Guarantees – SLGs). Skal slík gæðatrygging ná til allra nauðsynlegra þjónustupátta er snúa að jafnræði varðandi miðlægan aðgang, þ.m.t. pantanir, afhendingar, þjónustuaðgengi, þjónustuflutninga og viðgerða. Slík gæðatrygging skal m.a. kveða á um tiltekna sektir sem Míla þarf að greiða viðsemjendum sínum ef brotið er gegn gæðatryggingunni. Míla skal upplýsa áhugasöm fjarskiptafyrirtæki um efni gæðatryggingarinnar.

(103) Ennfremur mun FST viðhalda þeirri kvöð á Mílu að félagið safni saman og birti reglulega tiltekna lykil frammistöðupætti (e. Key Performance Indicators – KPIs), þ.m.t. þætti er varða afgreiðslu pantana, afhendingu þjónustu, bilanapjónustu og þjónustuflutning, fyrir innri viðskipti annars vegar og ytri viðskipti hins vegar. Míla skal birta umræddar upplýsingar mánaðarlega á vefsíðu sinni.

(104) Þær upplýsingar sem Míla öðlast frá öðrum fyrirtækjum við gerð samninga um aðgang, eða að loknum samningum, skulu eingöngu notast í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skulu á öllum stigum meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Óheimilt er að afhenda upplýsingarnar tengdum eða ótengdum aðilum, sbr. 26. gr. fjarskiptalaga.

4.3 Kvöð um gagnsæi

(105) Með hliðsjón af 29. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að viðhalda kvöð á Mílu um að viðhafa gagnsæi við veitingu miðlægs aðgangs á kopar- og ljósleiðara. Míla skal birta opinberlega upplýsingar sem varða miðlægan aðgang, t.d. um skráningu heimtauga, tæknilýsingar, einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og gjaldskrá. Hluti þessarar kvaðar er að Míla skuli gefa út viðmiðunartilboð um miðlægan aðgang, sem uppfyllir þau skilyrði sem FST hefur sett, sem verði viðhaldið og uppfært eftir þörfum og lagt fyrir FST til yfirferðar og samþykktar. Um nánari útfærslu, s.s. um birtingu upplýsinga og lágmarksinnihald og sundurliðun viðmiðunartilboðs, vísast til kafla 11.7.3 í viðauka A.



4.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

(106) Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að viðhalda á Mílu kvöð um bókhaldslegan aðskilnað. Ennfremur getur komið til þess að skilgreindar verði sérstakar kröfur varðandi bókhaldslegan aðskilnað hjá Símanum í tengslum við ákvörðun um ERT próf og við framkvæmd þess.

(107) Bókhaldslegur aðskilnaður hjá Mílu skal fela í sér að lágmarki að rekstur bitastraumsaðgangs sé bókhaldslega aðskilinn frá öðrum rekstri. Heildsöluverð Mílu og verð innan fyrirtækisins skulu vera gagnsæ, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Míla skal aðgreina í bókhaldi sínu tekjur, gjöld, eignir og skuldir fyrir aðgang að bitastraumi og bitastraumspjónustu sína.

(108) Mílu ber að afhenda FST árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir miðlægan aðgang, þar sem fram kemur skipting vegna bitastraumsaðgangs um koparheimtaugar annars vegar og ljósleiðaraheimtaugar hins vegar, ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Ennfremur ber Mílu að afhenda FST sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir aðgang að aðstöðu (hýsing).

(109) Í samræmi við 25. gr. reglugerðar nr. 564/2011 skal Míla afhenda FST ársreikning fyrirtækisins ásamt sérgreindum rekstrarreikningum yfir þá þjónustubætti fyrirtækisins sem lúta kvöðum um bókhaldslegan aðskilnað. Reikningar skulu innihalda eftirfarandi:

- Áritun löggilts endurskoðanda.
- Skýrslu stjórnar.
- Aðskilda rekstrarreikninga.
- Uppgjör og afstemmingar innri sölu.
- Afstemmingar gagnvart ársreikningi fyrirtækisins.

(110) Í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 564/2011 skal Míla árlega útbúa greinargerð um tilhögun bókhalds. Greinargerðin skal m.a. innihalda:

- Reikningsskilareglur.
- Upplýsingar um reglur um deilingu kostnaðar og tekna.
- Upplýsingar um reglur um innri viðskipti.
- Lýsingu á reikniaðferðum.
- Upplýsingar um stærðir og magntölur, aðrar en fjárhagslegar.
- Lista yfir vörur, þjónustu, viðfangsefni og nethluta.
- Reglur um eignamat og afskriftir.

(111) Með vísun til framangreinds skal Míla jafnframt afhenda stofnuninni eftirfarandi upplýsingar og gögn um rekstur og efnahag bitastraumspjónustu félagsins fyrir árið 2021 og



síðan árlega á meðan kvöð um bókhaldslega aðgreiningu hvílir á fyrirtækinu. Aðskilja skal milli bitastraumsaðgangs með xDSL tækni og ljósleiðarataækni:

- Sérgreindan rekstrarreikning fyrir bitastraumspjónustu Mílu ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði. Samandregið rekstraryfirlit afkomusviða skal stemma við þann grunn sem kostnaðargreining byggir á.
- Lágmarkssundurliðun rekstrarreiknings skal vera eftirfarandi:
Niðurbrot tekna og gjalda, annars vegar í samræmi við yfiryfirlit í fjárhagsbókhaldi félagsins og hins vegar sundurliðað eins og fjárhagskerfi Mílu gerir á einstaka bókhaldslykla. Sérstaklega verði sundurliðað með skýrum hætti á milli heildsölu og smásölu ef slíkt á við, svo og innri þjónustu hverrar rekstrareiningar, bæði tekju- og gjaldamegin. Sundurliða skal heildsölutekjur niður á hverja þjónustu fyrir sig.
- Sundurliðað yfirlit yfir þær þjónustur sem falla undir viðkomandi markað og magntölur, s.s. fjölda tenginga viðkomandi þjónustu.
- Fyrningaskrá félagsins fyrir viðkomandi ár þar sem fram koma sundurliðun allra bókfærðra eigna sem tilheyra aðgangi að bitastraumspjónustu Mílu.
- Með skýrum hætti skal aðskilja rekstur og efnahag bitastraumspjónustu félagsins frá annarri tengdri þjónustu í heildsölu, s.s. internetþjónustu, dreifingu sjónvarpsefnis og notendabúnaði. Skal sundurliðað yfirlit yfir tengdar þjónustur fylgja með yfirliti yfir bitastraumspjónustu félagsins ásamt sambærilegri sundurliðun á einstaka tekju- og kostnaðarliði.

(112) Ofangreind yfirlit skulu berast stofnuninni eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsárs. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Mílu og Símans ekki fullnægjandi áskilur FST sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari bókhaldslegan aðskilnað.

(113) Míla skal á sama tíma skila álitserð óháðs endurskoðunaraðila til FST um að samræmi sé milli lýsingar Mílu til FST um það hvernig kostnaði sé skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði Mílu. Í álitserðinni þarf að lágmarki að koma fram:

- Niðurstöður þess aðila sem framkvæmir skoðunina.
- Yfirlit yfir öll tilvik þar sem ósamræmi er til staðar.
- Tillögur þess sem framkvæmir skoðunina um úrbætur og áhrif þeirra.
- Ítarleg lýsing á því hvernig staðið var að skoðuninni.
- Samandregnar fjárhags- eða bókhaldsupplýsingar (t.d. ályktun varðandi dreifingu á sameiginlegum kostnaði og breytingu á mati á eignum til sviptivirðis).

(114) Um nánari útfærslu bókhaldslegs aðskilnaðar vísast til kafla 11.7.4 í viðauka A og reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.



4.5 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

(115) Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga hefur FST ákveðið að leggja kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá, þ.e. um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár, vegna bitastraumsaðgangs í heildsölu sem veittur er yfir koparheimtaugar ásamt tengdri aðstöðu.

(116) Míla skal því leggja fyrir stofnunina til samþykktar heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að bitastraumi á mismunandi stöðum á netinu með mismunandi stöðlum, s.s. ADSL og VDSL tækni. Jafnframt skal Míla leggja fram til samþykktar gjaldskrá fyrir hýsingu á búnaði annarra fjarskiptafyrirtækja og aðgang að annarri aðstöðu vegna bitastraums, auk aðgangs að stoðkerfum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að bitastrumur nýtist fyrir kaupandann. Gjaldskráin skal vera kostnaðarviðmiðuð.

(117) Við ákvörðun verðs fyrir framangreinda bitastraumspjónustu skal Míla byggja á sögulegum kostnaði sem heimfærður er á viðkomandi pjónustu (HCA FAC). Lögð skal áhersla á að greina skiptingu kostnaðar bitastraumspjónustu félagsins á heildsölustigi á milli almennrar bitastraumspjónustu (e. Best effort) annars vegar og forgangspjónustu hins vegar (IPTV, VoD og VoIP). Míla skal leggja niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar fyrir FST til samþykktar. Gjaldskráin skal endurskoðuð reglulega í samræmi við uppfærslu kostnaðargreiningarinnar hverju sinni. FST hyggst miða við 2-3 ár milli þess sem gjaldskráin er endurskoðuð en auk þess skal gjaldskráin hækkuð árlega með vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til hagræðingarkröfu sem ákvörðuð er við hverja endurskoðun á gjaldskrá. Fyrsta árlega hækkun samkvæmt vísitölu mun koma til framkvæmda fyrstu áramót eftir næstu endurskoðun á gjaldskrá Mílu á þessum markaði. Um nánari útfærslu kostnaðargreiningar fyrir bitastraumsaðgangs í heildsölu sem veittur er yfir koparheimtaugar og tengda aðstöðu vísast til kafla 11.7.5 í viðauka A.

(118) Kvöð um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár gildir ekki fyrir miðlægan aðgang að ljósleiðaraheimtaugum Mílu. Verðlagning Mílu á miðlægum aðgangi að ljósleiðaraheimtaugum skal hins vegar vera réttlát og sanngjörn og án mismununar. Sú kvöð skal hvíla á Mílu og Símanum að þess sé gætt að ekki verði of lítill munur á milli verðs á heildsöluaðföngum og verðs á fráliggjandi mörkuðum, þ.m.t. smásöluverðs á mikilvægustu áskriftarleiðunum sem innihalda internetaðgang. Í því sambandi verður fyrirtækjunum gert að standast ERT próf skv. sérstakri ákvörðun þar um, sbr. umfjöllun í kafla 11.7.2.6 í viðauka A. Mílu og Símanum er ennfremur bannað að beita skaðlegri undirverðlagningu, á heildsölu og smásölustigi á viðkomandi og tengdum mörkuðum. Mílu er heimilað svigrúm í verðlagningu, innan þeirra marka sem að ofan greinir, til þess að stuðla að aukinni notkun á fjárfestingum í ljósleiðaratengingum. Míla skal birta gjaldskrá fyrir miðlægan aðgang að ljósleiðaraheimtaugum.

(119) Símanum er gert að gæta þess að mikilvægustu áskriftaleiðir sem innihalda internettengingar séu verðlagðar á eðlilegan hátt og þannig að ekki myndist verðþrýstingur milli smásöluverðs og heildsöluaðfanga.

(120) Mílu og Símanum verður skylt að veita FST allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að staðreyna hvort verðlagning í heildsölu og smásölu sé í samræmi við ofangreint.



(121) Kostnaðargreining fyrir aðstöðuleigu og tengda þjónustu sem veitt er vegna bitastraumsþjónustu Mílu skal vera í samræmi við það sem kemur fram í kafla 10.7.5.5 í viðauka A.

4.6 Kostnaðarbókhald

(122) Með vísan til 32. gr. laga um fjarskipti hefur FST ákveðið að viðhalda á Mílu kvöð um kostnaðarbókhald varðandi þá þætti fjarskiptastarfsemi sem þarf til þess að veita bitastraumsaðgang á kopar- og ljósleiðaraheimtaugum. Kostnaðarbókhaldið skal fanga, bera kennsl á, meta og dreifa viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur.

(123) Míla skal eigi síðar en 1. apríl 2022 afhenda FST lýsingu á ofangreindu kostnaðarbókhaldi og birta helstu kostnaðarflokka, kostnaðarliði og tengingu þeirra við kostnaðarvaka og reglur sem notaðar eru til að úthluta tekjum og kostnaði á viðkomandi einingar. Míla skal samtímis skila til FST skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila um að samræmi sé milli lýsingar Mílu til FST hvernig kostnaði er skipt og útfærslu í kostnaðarbókhaldskerfi Mílu.

(124) Komið getur til þess að skilgreindar verði sérstakar kröfur varðandi kostnaðarbókhald hjá Mílu og Símanum í tengslum við ákvörðun um ERT próf og við framkvæmd þess.

(125) Um nánari útfærslu kostnaðarbókhalds vísast til kafla 11.7.6 í viðauka A og reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.



Ákvörðunarorð

- (1) Markaður 3a, heildsölumarkaður fyrir staðaraðgang með fasttengingu, samanstendur af aðgangi að kopar- og ljósleiðaraheimtaugum.
- (2) Landfræðileg skilgreining markaðar 3a er landið allt.
- (3) Á markaði 3a útnefni Fjarskiptastofa Mílu ehf. og Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk í samræmi við 2. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.
- (4) Á markaði 3a, leggur Fjarskiptastofa eftirfarandi kvaðir á Mílu ehf., með vísan til 27. – 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og með vísan til nánari lýsinga í ákvörðun þessari og í viðauka A með ákvörðun þessari:
 - a. Kvöð um að veita aðgang. Míla skal verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um staðaraðgang á heildsölustigi, að kopar- og ljósleiðaranetum sínum, hvort sem um er að ræða fullan eða skiptan aðgang. Ennfremur skal veita aðgang að tengdri aðstöðu og þjónustu. Þar sem ekki er mögulegt að veita aðgang að efnislegri heimtaug skal Míla bjóða upp á VULA sýndarlausn sem komið getur að sömu notum. Míla skal veita aðgang að rörum, lagnaleiðum og jarðvegs- og lagnaframkvæmdum. Birta skal upplýsingar um rör og lagnaleiðir, jarðvegs- og lagnaframkvæmdir og breytingar á fyrirkomulagi aðgangs með þeim hætti sem lýst er í kafla 2.1 í ákvörðun þessari. Skylda til að veita aðgang að rörum og lagnaleiðum, auglýsingaskylda Mílu að því er jarðvegsframkvæmdir varðar og regla um 5 ára frest til að upplýsa um yfirfærslu netkerfa, gilda ekki í þeim 17 sveitarfélögum þar sem meiri samkeppni ríkir, en þau eru þessi miðað við aðstæður í dag: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Tjörneshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Flóahreppur, Ásahreppur, Fljótisdalshreppur, Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Fjarskiptastofa mun árlega endurskoða þennan lista yfir sveitarfélög þar sem vægari kvaðir gilda, með tilliti til þeirra forsendna sem fram koma í kafla 6 í Viðauka A.
 - b. Kvöð um að gæta jafnræðis gagnvart öllum fjarskiptafyrirtækjum sem kaupa staðaraðgang með fastlínu eða aðgang að tengdri aðstöðu. Aðfangajafnræði (Eol) skal vera til staðar, sem og jafnt aðgengi að upplýsingum og jafnir möguleikar til að hafa áhrif á þróun heildsöluvara. Ótengdir aðilar skulu geta líkt eftir vöruframboði tengdra aðila með sjálfbærum hætti (e. Technical Replicability). Míla og Síminn skulu standast efnahagslegt hermipróf (ERT) hvað varðar ljósleiðaraheimtaugar í eigu og langtímaumráðum Mílu og þjónustur Símasamstæðunnar á fráliggjandi mörkuðum sem byggja á ljósleiðaraheimtaugum. Mílu er skylt að gera gæðaviðmiðunar-samninga (SLA) við alla aðgangskaupendur og gefa út yfirlýsingu um gæðatryggingu (SLG). Míla skal safna saman og birta mánaðarlega tiltekna lykil frammistöðupætti (KPI).
 - c. Kvöð um gagnsæi. Míla skal gefa út viðmiðunartilboð um staðaraðgang, tengda aðstöðu og aðgang að rörum og lagnaleiðum. Míla skal m.a. birta opinberlega upplýsingar um skráningu heimtauga og röra og lagnaleiða, tæknilýsingar, einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og gjaldskrá.



- d. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað. Mílu ber að afhenda Fjarskiptastofa árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir staðaraðgang, þar sem fram kemur skipting vegna koparheimtauga, ljósleiðaraheimtauga, aðgangs að aðstöðu (hýsing) og aðgangs að rörum og lagnaleiðum, ásamt álitsgerð óháðs endurskoðunaraðila um framkvæmd aðskilnaðar.
 - e. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum, ljóslínunum í götuskáp, VULA á koparheimtaugum og aðstöðu sem tengist staðaraðgangi á koparheimtaugum skal taka mið af kostnaði. Byggja skal á sögulegum kostnaði sem heimfærður er á viðkomandi þjónustur (HCA FAC). Gjaldskrá Mílu fyrir rör og lagnaleiðir skal vera byggð á sögulegum kostnaði eða verðsamanburði.
 - f. Verðlagning Mílu á ljósleiðaraheimtaugum skal vera réttlát og sanngjörn og án mismununar. Gæta skal þess að ekki verði of lítill munur á milli verðs Mílu á heildsöluaðföngum og verðs Símasamstæðunnar á fráliggjandi mörkuðum, þ.m.t. smásöluverðs á mikilvægustu áskriftarleiðum Símans sem innihalda internetaðgang. Í því sambandi verður fyrirtækjunum gert að standast efnahagslegt hermipróf (ERT) skv. sérstakri ákvörðun þar um. Mílu er enn fremur bannað að beita skaðlegri undirverðlagningu. Míla skal birta gjaldskrá fyrir ljósleiðaraheimtaugar og VULA á ljósleiðaraheimtaugum.
 - g. Kvöð um kostnaðarbókhald varðandi kopar- og ljósleiðaraheimtaugar og tengda aðstöðu, bakfæðingarljóslínur vegna heimtaugaaðgangs, hýsingu og aðgang að rörum og lagnaleiðum. Skila skal til Fjarskiptastofa lýsingu á kostnaðarbókhaldi og skýrslu óháðs endurskoðunaraðila um samræmi lýsingar og framkvæmdar.
- (5) Á markaði 3a, leggur Fjarskiptastofa eftirfarandi kvaðir á Símann hf., með vísan til 27., 30., 31. og 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og með vísan til nánari lýsinga í ákvörðun þessari og í viðauka A með ákvörðun þessari:
- a. Kvöð um að gæta jafnræðis, að því er varðar efnahagslegt hermipróf (ERT), vegna þjónustu sem veitt er á ljósleiðaraheimtaugum í eigu eða langtíma umráðum Mílu.
 - b. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað, í tengslum við efnahagslegt hermipróf
 - c. Kvöð varðandi eftirlit með gjaldskrá, að því er varðar efnahagslegt hermipróf (ERT), vegna þjónustu sem veitt er á ljósleiðaraheimtaugum í eigu eða langtíma umráðum Mílu.
 - d. Kvöð um kostnaðarbókhald, að því er varðar efnahagslegt hermipróf (ERT), vegna þjónustu sem veitt er á ljósleiðaraheimtaugum í eigu eða langtíma umráðum Mílu.
- (6) Markaður 3b, heildsölumarkaður fyrir miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur, samanstendur af óefnislegum lausnum sem boðnar eru miðlægt í kopar- eða ljósleiðaranetum, uppfylla ekki skilyrði til að teljast til markaðar 3a og eru notaðar til að veita miðlæga fjöldaframleidda bitastraumsþjónustu.
- (7) Landfræðileg skilgreining markaðar 3b er landið allt.
- (8) Á markaði 3b útnefnir Fjarskiptastofa Mílu ehf. og Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk í samræmi við 2. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.



(9) Á markaði 3b, leggur Fjarskiptastofa eftirfarandi kvaðir á Mílu ehf., með vísan til 27. – 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og með vísan til nánari lýsinga í ákvörðun þessari og í viðauka A með ákvörðun þessari:

- a. Kvöð um að veita aðgang. Míla skal verða við öllum eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um miðlægan heildsöluaðgang, sbr. skilgreiningu á þjónustumarkaði 3b, hvort sem aðgangurinn er veittur um kopar-eða ljósleiðaraheimtaugar. Míla skal einnig, ef þess er óskað, annast sendingu á bitastraumnum um stofnlínunet til þess staðar þar sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur tengingu við net Mílu. Míla skal enn fremur veita aðgang að tengdri aðstöðu og þjónustu sem þörf er á í tengslum við miðlægan aðgang. Tilkynna skal um breytingar á fyrirkomulagi bitastraumsaðgangs með þeim hætti sem lýst er í kafla 4.1, en skylda til að tilkynna um breytingar á fyrirkomulagi bitastraums með tveggja ára fyrirvara gildir ekki í þeim 17 sveitarfélögum þar sem meiri samkeppni ríkir, en þau eru þessi miðað við aðstæður í dag: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Tjörneshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Flóahreppur, Ásahreppur, Fljótsdalshreppur, Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Fjarskiptastofa mun árlega endurskoða þennan lista yfir sveitarfélög þar sem vægari kvaðir gilda, með tilliti til þeirra forsendna sem fram koma í 7. kafla Viðauka A. Mílu er óheimilt að draga til baka bitastraumsbúnað sinn eða þjónustu um ljósleiðaranet annarra netrekenda en Mílu þar sem Míla hefur leigt svarta ljósleiðara, gegn vilja umrædds netrekanda, á meðan Síminn veitir ekki þjónustu um bitastraumskerfi slíkra aðila. Míla skal tengja bitastraumsbúnað sinn við ljósleiðaraheimtaugar annarra netrekenda, eftir því sem nánar er lýst í kafla 4.1.
- b. Kvöð um að gæta jafnræðis gagnvart öllum fjarskiptafyrirtækjum sem kaupa miðlægan aðgang á kopar- eða ljósleiðaraneti. Aðfangajafnræði (EoI) skal vera til staðar, sem og jafnt aðgengi að upplýsingum og jafnir möguleikar til að hafa áhrif á þróun heildsöluvara. Ótengdir aðilar skulu geta líkt eftir vöruframboði tengdra aðila með sjálfbærum hætti (e. Technical Replicability). Míla og Síminn skulu standast efnahagslegt hermipróf (ERT) hvað varðar bitastraum á ljósleiðaraheimtaugum í eigu og langtímaumráðum Mílu, sem og á ljósleiðaranetum í eigu þriðja aðila þar sem Míla leigir svartan ljósleiðara og setur bitastraumsbúnað sinn á, og þjónustur Símasamstæðunnar á fráliggjandi smásölumörkuðum þar sem umrædd bitastraumspjónustu er nýtt. Mílu er skylt að gera gæðaviðmiðunarsamninga (SLA) við alla aðgangskaupendur og gefa út yfirlýsingu um gæðatryggingu (SLG). Míla skal safna saman og birta mánaðarlega tiltekna lykil frammistöðupætti (KPI).
- c. Kvöð um gagnsæi. Míla skal gefa út viðmiðunartilboð um miðlægan aðgang og tengda aðstöðu. Míla skal m.a. birta opinberlega upplýsingar um skráningu heimtauga, tæknilýsingar, einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og gjaldskrá.
- d. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað. Mílu ber að afhenda Fjarskiptastofu árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir bitastraumsaðgang, þar sem fram kemur skipting vegna bitastraumsaðgangs um koparheimtaugar, bitastraums-



aðgangs um ljósleiðaraheimtaugar og aðgangs að aðstöðu (hýsing), ásamt álitsgerð óháðs endurskoðunaraðila um framkvæmd aðskilnaðar.

- e. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Gjaldskrá fyrir bitastraumsaðgang um koparheimtaugar og tengda aðstöðu skal taka mið af kostnaði. Byggja skal á sögulegum kostnaði sem heimfærður er á viðkomandi þjónustur (HCA FAC).
- f. Verðlagning Mílu á bitastraumsaðgangi á ljósleiðaraheimtaugum skal vera réttlát og sanngjörn og án mismununar. Gæta skal þess að ekki verði of lítill munur á milli verðs Mílu á heildsöluaðföngum og verðs Símasamstæðunnar á fráliggjandi mörkuðum, þ.m.t. smásöluverðs á mikilvægustu áskriftarleiðum Símans sem innihalda internetaðgang. Í því sambandi verður fyrirtækjunum gert að standast efnahagslegt hermipróf (ERT) skv. sérstakri ákvörðun þar um. Mílu er enn fremur bannað að beita skaðlegri undirverðlagningu. Míla skal birta gjaldskrá fyrir miðlægan aðgang á ljósleiðaraheimtaugum.
- g. Kvöð um kostnaðarbókhald varðandi miðlægan aðgang á kopar- og ljósleiðaraheimtaugum og tengda aðstöðu. Skila skal til Fjarskiptastofu lýsingu á kostnaðarbókhaldi og skýrslu óháðs endurskoðunaraðila um samræmi lýsingar og framkvæmdar.

(10) Á markaði 3b, leggur Fjarskiptastofa eftirfarandi kvaðir á Símann hf., með vísan til 27., 30., 31. og 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og með vísan til nánari lýsinga í ákvörðun þessari og í viðauka A með ákvörðun þessari:

- a. Kvöð um að gæta jafnræðis, að því er varðar efnahagslegt hermipróf (ERT), vegna þjónustu sem veitt er um bitastraumstengingar Mílu á ljósleiðaraheimtaugum í eigu eða langtíma umráðum Mílu, sem og á ljósleiðaranetum í eigu þriðja aðila þar sem Míla leigir svartan ljósleiðara og setur bitastraumsbúnað sinn á og þjónustu Símasamstæðunnar á fráliggjandi smásölumörkuðum þar sem umrædd bitastraumspjónusta er nýtt.
- b. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað, í tengslum við efnahagslegt hermipróf
- c. Kvöð varðandi eftirlit með gjaldskrá, að því er varðar efnahagslegt hermipróf (ERT), vegna þjónustu sem veitt er um bitastraumstengingar Mílu á ljósleiðaraheimtaugum í eigu eða langtíma umráðum Mílu.
- d. Kvöð um kostnaðarbókhald, að því er varðar efnahagslegt hermipróf (ERT), vegna þjónustu sem veitt er um bitastraumstengingar Mílu á ljósleiðaraheimtaugum í eigu eða langtíma umráðum Mílu.

(11) Þessi ákvörðun tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Fjarskiptastofu.

(12) Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Fjarskiptastofu beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir



úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 14. september 2021

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Hafliði Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A - Greining á mörkuðum 3a og 3b

Viðauki A-1 – Reifun markaðsgreininga í Evrópu er varða landfræðilega skilgreiningu markaða

Viðauki B - Athugasemdir hagsmunaaðila og niðurstöður samráðs um frumdrögin

Viðauki C – Athugasemdir hagsmunaaðila og niðurstöður auka samráðs